Umsjón: **Silja Aðalsteinsdóttir** *silja@dv.is*

Dómsdagur í nánd

Fyrst á dagskránni á 15:15 tónleikum Caput-hópsins og slagverkshópsins Benda síðastliðinn laugardag var Flæði eftir Ríkharð H. Friðriksson. Ríkharður spilaði þar á rafmagnsgítar sem var tengdur við tölvu og voru hljóðin úr henni einhvers konar úrvinnsla gítarhljóðanna. Var það allt mjög þægilegt áheyrnar, tónsmíðin var á lágu nótunum og minnti útkoman á ambient-tónlist Brians Eno þó gjörningur Ríkharðs væri mun flóknari að gerð.

Næst á dagskránni var alger andstæða, stórt og hávaðasamt verk eftir Þorstein Hauksson sem ber nafnið Are We? Það var samið árið 1980 en samt var þetta frumflutningur verksins á Íslandi. Tölvuhljóð spiluðu nokkra rullu í tónlistinni en leikur tveggja trompetleikara, tveggja básúnuleikara og tveggja slagverksleikara voru talsvert meira áberandi. Tónsmíðin byggðist aðallega á ógnarlegum barsmíðum og djúpum, löngum og feiknarlega sterkum tónum frá blásurunum. Datt manni í hug samlíking við tíbetska bön pa tónlist, sem einnig samanstendur af trumbuleik og djúpum tónum er munkar með ofvaxin raddbönd kyrja. Eða var kannski verið að tilkynna dómsdag? Básúnuhljóðin voru svo rosaleg að það var eins og Gabríel erkiengill væri að kalla hina dauðu til upprisu á hinum efsta degi.



DV-MYND SIG. JÖKULL

Trompetar og básúnur þanin
Skelfingin komst vel til skila í markvissri túlkuninni.

Tónlist

Leikur hljóðfæraleikaranna var nákvæmur og samtaka og sú skelfing sem tónskáldinu var greinilega ofarlega í huga komst vel til skila í markvissri túlkuninni. Er þetta frábært tónverk sem að sjálfsögðu hefði átt að flytja hér miklu fyrr.

Eftir hlé var frumfluttur Caputkonsert nr. 2 eftir Snorra Sigfús Birgisson. Verkið er fyrir þrjá slagverksleikara sem jafnframt eru einleikarar, einnig píanó og ellefu manna kammerhóp. Tónskáldið stjórnaði sjálfur og hófst tónlistin á skemmtilega fönkuðum inngangi sem slagverksleikararnir Eggert Pálsson, Steef van Oosterhout og Pétur Grétarsson spiluðu af mikilli list.

Næsti kafli bar nafnið Hugleiðsla og þar minntu síendurteknar hendingar upp á við, langar trillur og almennt alsælukennt andrúmsloft óneitanlega á tónlist Scriabins, sérstaklega síðustu tvær sinfóníur hans. Það er sko hól! Hugleiðsla Snorra var þó fíngerðari en þrátt fyrir það sérlega áhrifamikil og var tónlistin mögnuð andstæða þriðja kafla konsertsins, Vikivaka. Það var dans eins og nafnið gefur til kynna, skemmtilega villimannslegur – slagverkið fékk að njóta sín óáreitt og var maður nánast farinn að slá taktinn með, alveg ósjálfrátt.

Konsertinn endaði á hægu eftirspili, hálfgerðu næturljóði þar sem Snorri settist við píanóið og lék fallega impressjóníska hljóma. Þeir bergmáluðu í ýmsum hljóðfærasamsetningum og kom það prýðilega út, allt á lágu nótunum og afslappað eftir ballið á undan. Í heild er Caputkonsert Snorra margbrotin og litrík tónsmíð og er þetta án efa með því besta sem ég hef heyrt eftir tónskáldið.


Jónas Sen

Patrick Huse aftur á Íslandi

Penetration er heiti sýningar norska listamannsins Patricks Huse sem var opnuð í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi um helgina. Þetta er lokaþáttur þríleiksins sem listamaðurinn hefur unnið að undanfarin níu ár. Tvær fyrri sýningarnar voru Norrænt landslag (Hafnarborg 1995) og Rift (Kjarvalsstaðir 1999).

Viðfangsefni Patricks í þessu langtíma sýningarverkefni eru vangaveltur um hvað náttúran er í reynd, hvernig hugtakið er notað í ýmsu samhengi og hvernig það tengist „landslagi“. Patrick hefur leitað fanga á einni breiddargráðu nokkurra landa á norðlægum slóðum, aðallega í Noregi, Svíþjóð og á Íslandi. Hingað hefur hann komið oft og málað mikið. Í viðtali við DV í tilefni af Rift 1999 sagði hann meðal annars: „Eitthvað í íslenskri náttúru fær endurhljóm innra með mér, það eru tilfinningaleg tengsl milli hennar og mín. Ég get ekki útskýrt hvernig eða hvers vegna – ekki fremur en maður getur útskýrt hvers vegna manni líður eins og heima hjá sér á einum stað en ekki öðrum og tekur eftir sumu fólki í fjölmenni en ekki öðru. Ég held að þetta hafi eitthvað með það að gera að þekkja sjálfan sig.“

Í texta Gunnars Sörensen í sýningarskrá með sýningunni segir m.a. um trílógíu Patricks: „Norrænt landslag var útsýn frá óvistlegum svæðum sem lítill vegur virtist að lifa sig inn í eða þekkja, þar vottaði ekki fyrir mannlegri návist. Rift sýndi nærgöngular úrklippumyndir af sams konar náttúru en Penetration má líta á sem kjarnaborun í efni og formgerð þessara úrklippna. Verkin eru þannig fjarri því að vera „landslagslýsingar“; kannski er nær að líta á þau sem klókindalegan milliveg þess að vera náttúrumyndir og náttúruform í sjálfum sér. Því að í vissum skilningi vísa þau ekki til landslagsþátta heldur eru sjálf landslagsbrot, ofurseld sömu þróun myndunar og rofs og sjá má í náttúrunni.“ Á sýningunni í Hafnarhúsinu gefur einnig að líta minningarbrot frá Norrænu landslagi og Rift.



Eitt verka Patricks Huse á Penetration
Verkin eru sjálf landslagsbrot, ofurseld sömu þróun myndunar og rofs og sjá má í náttúrunni.

Penetration var fyrst opnuð í Noregi. Hér stendur hún til 27. apríl en fer héðan til Bandaríkjanna. Hafnarhús er opið daglega frá kl. 10–17.

... mannsgaman

Myndin af sýningunni

Á yfirlitssýningu nýlistamannsins hafði verið komið fyrir margvíslegum hlutum sem gestir voru ekki vissir um að væru listaverk. Fólk gekk í kringum þessa hluti með efaþrunginn svip og þorði ekki að yrða á næsta mann af ótta við að segja vitleysu.

Svona gekk þetta um hríð.

Listamaðurinn stóð úti í horni og hellti ljósgulu freyðivíni í glösin gestanna sem drukku mikið og höfðu æ meira gaman af þessu eftir því sem fleiri flöskur tæmdust. Þeim var raðað út í horn, flöskunum. Og smám saman varð til nokkur stafli af þeim.

Undir lokin lullaði góðlegur maður í mokkafrakka inn í galleríið. Hann smokraði sér í gegnum þessa drukknu gestafjöld og fór að taka myndir. Það heyrðist í vélinni hans eins og þar færi atvinnumaður. Og það kom á daginn. Degi seinna. Þá birtust nokkrar ljósmyndir af yfirlitssýningunni í víðlesnu dagblaði og virtist glatt á hjalla í galleríinu.

Flestar myndanna voru af fólki með glas í hendi. Tvær myndir voru eins og teknar ofan í gólfið. Önnur var af viðurkenndu listaverki, sýndist mér, upprúlluðum gaddavír með brúðum í miðjunni. Hin var af stafla af freyðivínsflöskum.

-SER.



Svandís sýnir

Svandís Egilsdóttir myndlistarmaður opnaði sýningu á olíumálverkum og sérstæðum skúlptúr í Gallerii Sævars Karls á laugardaginn. Svandís útskrifaðist frá Seminariet for Kunst og Handverk í Kerteminde í Danmörku 1999. Þetta er fyrsta einkasýning hennar í Reykjavík og hún stendur til 3. apríl.

Skáldaðar borgir



Í hádeginu á morgun, kl. 12.05, flytur Ástráður Eysteinsson bókmenntafræðingur fyrirlestur í Norræna húsinu í hádegisfundaröð Sagnfræðingafélags Íslands sem haldin er í samstarfi við Borgarfræðasetur. Erindið nefnist „Skáldaðar borgir“. Fundurinn er opinn öllu áhugafólki um sögu og skipulagsmál.

Borgir leika mikið hlutverk sem staðir og sögusvið í nútímabókmenntum og í fyrirlestrinum verður athugað hvernig nútímaborgin er sett fram, endursköpuð eða „búin til“ í tungumáli bókmenntanna; hvernig unnið er með táknheim borgarinnar og hvernig tekist er á við borgina sem hugarástand, sem ummótaðan eða ímyndaðan veruleika, sem kann að skipta sköpum um reynslu hvers og eins af borginni. Hliðsjón verður höfð af nokkrum skáldverkum og fræðilegri umfjöllun um borgarmenningu.

Málþing um Þórberg



Málþing um Þórberg Þórðarson verður haldið að Hrollaugsstöðum í Suðursveit 29.–30. maí í vor.

Þingið hefst á heimsókn að gamla bænum á Hala í Suðursveit og verður sett við minnisvarðann ofan við bæinn. Síðan verður haldið að Hrollaugsstöðum þar sem Soffía Auður Birgisdóttir, Pétur Gunnarsson, Helga Jóna Ásbjörnsdóttir, Vésteinn Ólason, Svavar Sigmundsson og fleiri halda erindi. Um kvöldið verður Hjörleifur Guttormsson með kynningu á Suðursveit og dagskrá tengd Þórbergi.

Daginn eftir geta þeir sem vilja farið „söguferð með Þórbergi“ og síðan að fornleifauppgreftri á Steinadal og e.t.v. í Staðarfjall.

Stjórnandi málþingsins verður Gísli Sverrir Árnason, forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar. Hægt er að panta gistingu að Smyrlabjörgum, 478 1074, eða Hrollaugsstöðum, 478 1905.

Stríð og konur

Vegna ástands heimsmála standa Rannsóknastofa í kvennafræðum og UNIFEM á Íslandi fyrir málstofu um konur og stríð kl. 16.15 í dag í stofu 101 í Lögbergi, Háskóla Íslands. Meðal frummælenda eru Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur og framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands og Lilja Hjartardóttir stjórnmálafræðingur. Sýnt verður brot úr heimildarmynd Grétu Ólafsdóttur og Susan Muska: Women, the forgotten face of war.

Teikning og glersteypa

Námskeið í módelteikningu fyrir byrjendur og lengra komna hefst í LHÍ, Skipholti 1, á morgun kl. 18. Kennari er Hafdís Ólafsdóttir myndlistarmaður.

Námskeið fyrir byrjendur í glersteypu hefst á vinnustofu Brynhildar Þorgeirsdóttur myndhöggvara, Bakkastöðum 113 í Reykjavík, 27. mars. Kennd verður grunnaðferð við að ofnsteypa gler.